

## Fundur í skólaráði 23.maí, kl. 13:00

### Fundarstaður: Fundarherbergi – eldri deild

**Mættir eru:** Þórhildur skólastjóri, Kristín Ásta kennari, Bergljót kennari, Lára grenndarfulltrúi, Sólveig fulltrúi foreldra. Aðrir fulltrúar boðuðu forföll.

Þórhildur setti fund.

Skólaárið hefur gengið vel, en mikið hefur verið um veikindi starfsmanna bæði langtíma og styttri veikindi. Þetta hefur tekið talsverðan toll bæði hjá starfsfólki og nemendum

Reksturinn er á áætlun í dag. Búið er að skila inn starfsáætlun sem enn er í stöðugri vinnslu. Starfsáætlunin er mjög ítarleg þar sem vísað er í ferli, lög og reglugerðir. Hún verður aðgengileg á heimasíðu skólans. En ný heimasíða er í vinnslu. Foreldrar hvattir til að skoða og nýta sér áætlunina

Spjaldtölvur eru í notkun í yngri deild og búið er að ákveða að leggja þráðlaust net á ganga 5. og 6. bekkjar í sumar. Stefnt er að því að allur skólinn verði þráðlaus á næstu árum. Þórhildur mun sækja um styrk til bæjarins vegna þessa kostnaðar.

Framundan er vinna í fjárhagsáætlun sem skila skal í haust. Skólastjóri verður boðaður á fund í júlí til að fara yfir fyrstu 6 mánuði þessa árs. Nýjir kjarasamningar eru framundan og gætu þeir haft áhrif á vinnu skólastjórnenda. Talverðar umræður um kjarasamningana.

Rætt um símanotkun nemenda og umræður um niðurstöður umboðsmanns barna varðandi það.

Undirbúningur næsta skólaárs: Búið er að ákveða að taka upp agastefnu í skólanum og er starfsfólk að kynna sér hvað er í boði.

Verið er að ráða inn kennara nýja kennara og annað starfsfólk. Stundaskrár fyrir næsta vetur eru í vinnslu, en kjarasamningar gera hugsanlega haft áhrif á þær.

Varmárskóli er búin að fá loforð um annan grænfána sem afhentur verður á skólaslitum. Skólanum verður slitið með Húllum hæ þann 4. júní kl. 10-12 svo afhenda kennarar einkunnir inn í bekkjarstofum. Skólaslit 10. bekkjar verða um kvöldið.

Kannanir hafa verið margar í vetur bæði hjá nemendum og starfsfólki. Foreldrar, nemendur og starfsfólk tók þátt í könnun hjá Skólapúlsinum og er verið að vinna úr þeim niðurstöðum. Könnun á skólaseli lögð fram og kynnt. Búið er að svara könnun um vinnustaðgreiningu í annað sinn, en fyrri könnunin var fyrir áramót. Eftir fyrri könnunina fór allt starfsfólk í greiningarvinnu og svo í umbótarvinnu í framhaldinu. Erum spennt að sjá hvort sú vinna skilar ekki enn jákvæðari niðurstöðum.

Í sumar á að taka hljóðvistina í gegn í eldri deild að hluta til og anddyri í yngri. Skólalóðin tekin í gegn að hluta til í eldri deild. Skólahreystibraut kemur við eldri deildina og búið er að teikna lóðina. Allur skólinn mun verða í útleigu viku af júlí og tryggja þarf að það hafi ekki áhrif á þær viðgerðir sem búið er að áætla í skólanum.

Ákveðið að nefndarfulltrúar sendi skólastjóra athugasemdir um úrbætur á skólanum (sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda).

Þórhildur þakkaði fundarmönnum fyrir veturinn.

Fleira ekki tekið fyrir, Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri.